



**HAFNARFJÖRÐUR**

## Minnisblað - 8. febrúar 2018

### Lántaka Lánasjóður sveitarfélaga vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð

#### Málsnr. 1704532

Lánasjóður sveitarfélaga hefur tryggt fjármögnun á hagstæðum kjörum fyrir 1,5 milljarð króna en á eftir að ganga frá fjármögnun fyrir hluta að fyrirhugaðri lántöku eða um 600 milljónir króna. Fyrirhugað er að greiða af rekstri uppgjör Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna jafnvæggissjóðs um 608 milljónir króna.

Lagt er til að gengið verði frá lántöku að fjárhæð 1.000.000.- kr. til 16 ára. Lánið er verðtryggt og ber 2,53% fasta vexti. Einnig er lagt til að gengið verði frá lántöku að fjárhæð 406 milljónir króna til 15 ára en lánið er óverðtryggt og uppgreiðanlegt á vaxtagjalddögum hvenær sem er á lánstímanum og ber 6 mánaða REIBOR millibankavexti auk 0,50% vaxtaálags, nú 5,15%.

Jafnframt er lagt til að Hafnarfjarðarkaupstaður samþykki að veita Hafnarfjarðarhöfn einfalda ábyrgð vegna lántöku vegna uppgjörs við Brú að fjárhæð 94 milljónir króna. Lánið er óverðtryggt til 15 ára en uppgreiðanlegt á vaxtagjalddögum hvenær sem er á lánstímanum og ber 6 mánaða REIBOR millibankavexti auk 0,50% vaxtaálags, nú 5,15%.

Loks er lagt til að Hafnarfjarðarkaupstaður gangi frá skammtímafjármögnun hjá Lánasjóði sveitarfélaga frá 14. til 28. febrúar, eða á meðan verið er að ganga frá endanlegri fjármögnun, fyrir allt að 600 milljónum króna á 4,75% óverðtryggðum vöxtum.

Þessi tafla sýnir uppgjörið fyrir Hafnarfjarðarkaupstað annars vegar og Hafnarfjarðarhöfn hins vegar.

#### *Þús.kr.*

<b>Uppgjörið við Brú</b>	<b>Hafnarfjörður</b>	<b>Höfnin</b>
Jafnvæggissjóður	608.008	25.821
Lífeyrisaukasjóður	1.834.959	61.690
Varúðarsjóður	197.410	6.637
	<b>2.640.378</b>	<b>94.148</b>

Ens og fram kemur hér að framan er gert ráð fyrir að staðgreiða 608 milljónir króna vegna jafnvæggissjóðs og taka 2.030 milljónir króna að láni fyrir Hafnarfjarðarkaupstað fyrir uppgjöri lífeyrisauka- og varúðarsjóðs. Gert er ráð fyrir að taka lán fyrir heildaruppgjöri Hafnarfjarðarhafnar eða 94 milljónir króna.

Hafnarfirði 5. febrúar 2018

Rósa Steingrímsdóttir

Sviðsstjóri fjármálasviðs